

Nokkur atriði varðandi fuglalíf í botni Eskifjarðar

Guðrún Á. Jónsdóttir tók saman

Inngangur

Vegagerðin fór þess á leit við Náttúrustofu Austurlands síðla hausts 1998 að kannað yrði hvort upplýsingar lægju fyrir um mikilvægi leiru í botni Eskifjarðar fyrir lífríki, einkum fuglalíf. Þetta er gert vegna fyrirhugaðra breytinga á brúarstæði á leirunni.

Engin vettvangskonunn hefur farið fram vegna verkefnisins önnur en að nýja brúarstæðið var skoðað á vettvangi. Einnig var farvegur árinna skoðaður á loftmyndum. Nýjar myndir sýna að áin rennur niður leiruna nánast í stefnu á nýja brúarstæðið og síðan meðfram veginum til norðurs að núverandi brú. Farvegur árinna myndi skv. þessu einungis breytast næst veginum. Samkvæmt lýsingu Vegagerðarinnar (Sveinn Sveinsson 1999) er ekki lagt til að breyta veglínu á leirunni heldur einungis staðsetningu brúar. Gert er ráð fyrir að vatnsskipti verði þau sömu og eru við núverandi aðstæður.

Skýrsla þessi er samantekt á ýmsum gögnum og heimildum um fuglalíf í Eskifirði. Talsvert hefur verið fylgst með fuglalífi á þessum slóðum og gefur þessi skýrsla ekki tæmandi yfirlit yfir öll gögn sem kunna að vera til um það. Ekki er vitað til að smádýralíf hafi verið kannað. Markmið skýrslunnar er að auðvelda mat á gildi leirunnar fyrir fuglalíf og því hvort fyrirhuguð breyting á staðsetningu brúar muni hafa áhrif á það.

Rannsóknir á fuglalífi í Eskifirði

Verkefnið "Fuglar í fjarðarbotnum"

Vegna þessa verkefnis voru fuglar taldir á Eskifirði 6 júní og 8. ágúst 1998 (Halldór W. Stefánsson 1998). Eskifjarðarbotni var skipt í nokkur athugunarsvæði, það er vík við Bleiksárós, svæði við fjöru utan og austan brúar yfir Eskifjarðará, leiru innan brúar yfir Eskifjarðará, vík við fiskverkssmiðjur, hlutlaust svæði um fjörðinn innanverðan, og svæði við höfnina og smábátabyggju. Þessi svæði kallast saman Eskifjarðarsvæði í þessari skýrslu.

Á fjöru 6. júní voru taldir 17 tegundir fugla og 522 einstaklingar á Eskifjarðarsvæðinu öllu. Þar af voru 232 einstaklingar af 15 tegundum á leirunni eða um 44 % þeirra fugla sem sáust á öllu Eskifjarðarsvæðinu. Tæpur helmingur fugla á leirusvæðinu voru máfar. Einungis 21 fugl af 2 tegundum utan við brúna (sjá 1. töflu). Þeir fuglar sem nýttu sér leiruna á athugunartíma það er á fjöru, færðu sig innar og til hliðar við leiruna og Eskifjarðará þegar flæddi að.

Fuglar voru taldir á flæðitíma 8. ágúst og aftur sama dag á fjöru. Lögð var áhersla á að skoða leirusvæðið og næsta nágrenni. Á flóði sáust 9 tegundir fugla og 287 einstaklingar á leirunni og voru um 88 % máfar (2. tafla). Á fjöru voru þar 7 fuglategundir og 93 einstaklingar og voru máfar enn flestir eða um 53% fuglanna (3. tafla). Grágæsir, stelkar, helmingur hettumáfa, urtendur og æðarfuglar voru allir við fæðuöflun á athugunartíma á flóði. Svartbakar, silfur máfar og helmingur hettumáfa hvíldust á sama tíma. Á flóði voru 16% fugla við fæðuöflun á leirunni en á fjörunni var hlutfall þeirra fugla sem nýttu hana til fæðuöflunar orðið 99% (Halldór Walter Stefánsson 1998).

Aðrar athuganir 1998

Gerðar voru tvær athuganir á fuglum á Eskifjarðarsvæðinu á öðrum árstímum 1998 (Halldór W.

Stefánsson 1998). Fuglar voru taldir 22.febrúar og 9.apríl. Þeir fuglar sem sáust þessa tvo daga voru mest við hafnarsvæðið og leiruna. Svipaðar og lauslegar athuganir hafa verið gerðar undanfarin ár. Við þessar talningar sáust 16 fuglategundir samtals og var mestur fjöldi af æðarfugli en næst kom silfurmáfar og þá snjótittlingar.

Eskifjörður/samantekt á rannsóknum 1998

Eskifjarðar svæðið var skoðað fjóra daga á árinu 1998, það er 22. febrúar, 9. apríl, 6. júní og 8. ágúst. Samtals sáust 26 fuglategundir og ein blendingstegund. Mest ber á máfum og talsvert var um æðarfugl en aðrir fuglar eru fátíðari í þessum talningum. Hér fer á eftir samantekt Halldórs W. Stefánssonar (1998) um fuglategundir sem sáust í framangreindum athugunum 1998.

"Tegundir: (ath./ þar sem algengi tegunda er getið er það samkvæmt mati á athugunartímum, þarf ekki að vera einhlítt fyrir staðina) .

Hettumáfur (*Larus ridibundus*); nokkuð algeng tegund á svæðinu á Eskifirði.

Sílamáfur (*Larus fuscus*); aðeins fáeinir fuglar sáust í athugun.

Svartbakur (*Larus marinus*); tegundin er nokkuð algeng á svæðinu.

Silfurmáfur (*Larus argentatus*); tegundin er mjög algeng á Eskifirði.

Rita (*Rissa tridactyla*); tegundin kemur fyrir á svæðinu, ekki algeng, verpir í grennd.

Straumönd (*Histrionicus histrionicus*); er ekki algeng á svæðinu.

Æður (*Somateria mollissima*); algeng tegund á svæðinu.

Blendingur æðarkóns og æðarfugls (*Somateria spectabilis x mollissima*); aðeins er um einn karlfugl að ræða.

Stökkönd (*Anas platyrhynchos*); nokkuð algeng tegund á svæðinu.

Grágæs (*Anser anser*); fáeinir fuglar eru á svæðinu.

Hávella (*Clangula hyemalis*); sást aðeins um vorið en vitað er að tegundin er nokkuð algeng allan veturinn á svæðinu fram að vori.

Urtönd (*Anas crecca*); tegundin er ekki algeng á svæðinu, sást aðeins einn athugunardag.

Kría (*Sterna paradisaea*); er ekki mjög algeng á svæðinu, varpfugl.

Fýll (*Fulmarus glacialis*); nokkuð algengur fugl á Eskifirði.

Stelkur (*Tringa totanus*); nokkuð algengur vaðfugl á svæðinu.

Sendlingur (*Calidris maritima*); einna mest ber á tegundinni að vori.

Lóupræll (*Calidris alpina*); ekki algeng tegund á svæðinu.

Sandlóa (*Charadrius hiaticula*); ekki mikið af fugli á svæðinu.

Sanderla (*Calidris alba*); er umferðarfugl sem kemur við á svæðinu að vori.

Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*); ekki algengur fugl á svæðinu.

Tjaldur (*Haematopus ostralegus*); tegundin er sjaldgæf á svæðinu.

Maríuerla (*Motacilla alba*); tegundin er sjaldgæf á svæðinu.

Snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*); tegundin er algeng á svæðinu að vetri og fram á vor.

Skógarþröstur (*Turdus iliacus*); tegundin er ekki mjög algeng á svæðinu.

Hrafn (*Corvus corax*); er nokkuð algengur á svæðinu.

Smyrill (*Falco columbarius*); sjaldgæfur fugl á svæðinu.

Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*); sjaldgæfur fugl á svæðinu ".

Eldri rannsóknir

Skarphéðinn Þórisson (1984) greinir frá athugunum á fuglalífi í Eskifirði 1983 . Vaðfuglar voru þá taldir í maí og júní á Eskifjarðarleiru. Nokkur hópur vaðfugla var á leirunni á þessum vordögum og mest töldust þar í einu 86 fuglar af 5 vaðfuglategundum (5. tafla) (Skarphéðinn Þórisson 1984).

Niðurstöður

Leiran í botni Eskifjarðar er ekki stór. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á fuglalífi á leirunni en ekki er vitað um smádýralíf. Reikna má með að fuglalífið gefi talsverða vísbendingu um það, þar sem búast má við að auðugt smádýralíf leiði til auðugs fuglalífs .

Niðurstöður athugana 8. ágúst 1998 benda til að ýmsir fuglar nýti sér leiruna til fæðuöflunar á þeim tíma árs. Líklegt er þó hún geti einkum verið mikilvæg fyrir vaðfugla á vorin áður en þeir fara að huga að varpi. Þær talningar sem gerðar hafa verið að vori benda þó ekki til að leiran sé mikilvæg fyrir mikinn fjölda fugla. Að mati fuglatalningamanns á Eskifirði sem skráð hefur fuglaathuganir í dagbók í um 20 ár, er leiran ekki mjög fjölsótt af vaðfuglum á vorin (Páll Leifsson, munnlegar upplýsingar). Samanburður á talningu á Eskifjarðarleiru 1983 við leiru í Reyðarfirði sem einnig var talið á 1983 sýnir að bæði fjöldi tegunda og einstaklinga var mun meiri í Reyðarfirði en Eskifirði (Skarphéðinn Þórisson 1984). Páll Leifsson (munnlegar upplýsingar) telur að meira fuglalíf hafi verið áður fyrr á leirunni í Eskifirði, áður en uppfylling við íþróttavöll og ýmsar aðrar framkvæmdir áttu sér stað. Eining mun eitthvað hafa borið á grútarmengun á svæðinu. Fátt bendir því til að leiran í botni Eskifjarðar skipti sköpum fyrir mikinn fjölda fugla.

Vegna breytinga á brúarstæði er ekki gert ráð fyrir breytingum á vegstæði og árfarvegurinn breytist einungis neðst. Ef ekki verður rótað í leirunni utan framkvæmdasvæðis og vatnsskipti verða þau sömu og nú er, verður ekki séð að tilfærsla á brúnni ætti að hafa afgerandi áhrif á lífríki á svæðinu til langs tíma. Vætanlega verða einhver áhrif af framkvæmdinni á leiruna á framkvæmdatíma.

Heimildir

Halldór Walter Stefánsson 1998. *Fuglalíf í fjarðarbotnum á Austfjörðum 1998*. Verkefni unnið fyrir Náttúrustofu Austurlands. Handrit.

Skarphéðinn Þórisson 1984. Lífríki - Fuglar. Í *Reyðarfjörður náttúrufar og minjar*. Ritsj. Einar Þórarinnsson. Skýrsla unnin fyrir staðarvalsnefnd um iðnrekstur af Náttúrugripasafninu í Neskaupstað. Neskaupstað 1984.

Sveinn Sveinsson 1999. *Brú á Eskifaraðará- Samantekt*. Ásamt myndum og fylgiskjölum. Greinargerð um framkvæmdina. Vegagerðin 1999.

1. tafla. Talning fugla á Eskifirði 6.06.1998, dreifing þeirra og hlutfall eftir svæðum (Halldór W. Stefánsson 1998).

Tegund	vík v/Bleiksá	utan brúar	verkssm.	Hlutlaus.	Höfn	Leira	Samt.
Silfurmáfur	52		43		4	49	148
Sílamáfur	3						3
Svartbakur	7			2	9	48	66
Hettumáfur	2					13	15
Straumönd	5					4	9
Æður	2	19	2			19	42
Stökkönd						7	7
Grágæs						6	6
Kría						12	12
Fýll					72	66	138
Stelkur	2					8	10
Sendlingur						1	1
Lóupræll						12	12
Sandlóa						6	6
Sanderla						41	41
Heiðlóa						6	6
Maríuerla		2					2
17 teg.	73	21	45	74	79	232	522
Hlutfall (%)	14	4	9	14	15	44	

2.tafla. Fuglar á Eskifirði 8.08.1998 á flóðtíma (Halldór W. Stefánsson 1998)

Tegund	Leira	vík v/fiskverksmiðju.	Höfn	Samtals
Grágæs	4			4
Svartbakur	7		19	26
Silfurmáfur	210	147		357
Hettumáfur	44			44
Hrafn	2			2
Stelkur	7			7
Urtönd	7			7
Stökkönd	2			2
Æður	4			4
Fýll		28	34	62
10 teg.	287	175	53	515

3.tafla. Fuglar á leirunni á Eskifirði 8.08.1998 á fjörutíma (Halldór W. Stefánsson 1998).

<u>Tegund</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Nýting</u>
Stelkur	30	Fæðuöflun
Silfurmafur	36	"
Hettumáfur	13	"
Hrafn	1	Flug
Urtönd	7	Fæðuöflun
Stökkönd	2	"
Æður	4	"
<u>7 tegundir</u>	<u>93</u>	

4.tafla. Athugun á fjölda fugla á Eskifirði 22.febrúar og 9.apríl 1998 (Halldór W. Stefánsson 1998).

<u>Dags.</u>	<u>Tegund</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Nýting</u>
22.02."98	Smyrill	1	Fæðuöflun
	Hávella	30	"
	Dílaskarfur	2	Hvöld
	Snjótittlingur	150	Fæðuöflun
9.04."98	Stökkönd	36	"
	Smyrill	1	"
	Snjótittlingur	40	"
	Skógarþröstur	17	"
	Hrafn	16	"
	Hávella	60	"
	Hettumáfur	100	"
	Grágæs	1	Hvöld
	Dílaskarfur	1	"
	Sendlingur	30	Fæðuöflun
	Silfurmafur	255	"
	Rita	8	Flug
	Fýll	16	"
	Tjaldur	2	Fæðuöflun
	Æður	659	"
Æður-Æðarkóngur	1	"	
<u>Samtals 16 teg.</u>	<u>1426</u>		

5 tafla. Fjöldi fugla á Eskifjarðarleiru 4 talningardaga í maí og júní 1983 (Skarphéðinn Þórisson 1984).

<u>Tegund</u>	<u>Talningardagur</u>			
	<u>5.5.</u>	<u>8.5</u>	<u>9.5</u>	<u>10.6</u>
Tjaldur	1		1	2
Sandlóa	7	20	2	13
Stelkur	21	28	17	4
Sendlingur	37	31	25	11
Lóupræll	3	9	9	4
<u>Samtals</u>	<u>69</u>	<u>86</u>	<u>54</u>	<u>34</u>